

RÁÐHÚS AKUREYRAR

VIÐBYGGING OG ENDURBÆTUR

Eiðsvellir

RÁÐHÚS – RÁÐHÚSGARÐUR – RÁÐHÚSTORG

Ráðhúsgarðurinn

Að Ráðhústorginu

14604

RÁÐHÚS – RÁÐHÚSGARÐUR - RÁÐHÚSTORG

Forðum lá leiðin frá Ráðhústorginu í miðbænum um Strandgötu og Geislagötu að Eiðsvöllum, almenningsgarðinum á Oddeyrinni. Og ráðhúsið stóð við Geislagötu. Þessi tengsl hafa verið rofin, en bílastæðin á austurhlið ráðhússins eru leifar Geislagötunnar á þessum slóðum.

Eitt megin markmið þessarar tillögu er að skapa ráðhúsi Akureyrar þann sess í samfélaginu sem það ætti að hafa. Hönnun lóðarinnar miðar að því að endurvekja og styrkja tengsl Oddeyrarinnar við miðbæinn og að skapa aðlaðandi áningarstað – Ráðhúsgarðinn – fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur til og frá miðbænum.

Það er okkar skilningur að ráðhús – þar sem saman koma kjörnir fulltrúar lýðræðislegs samfélags – skuli vera lifandi hús er býður íbúa velkomna. Frá Ráðhúsgarðinum og frá austurhliðinni er gengið í opið og bjart alrými er teygir sig yfir fjórar hæðir, en viðbyggingin er norðan megin við alrýmið og núverandi ráðhús. Annað megin markmið þessarar tillögu eru skýr tengsl viðbyggingarinnar við núverandi byggingu og því varð fjögurra hæða álma fyrir valinu er býður upp á góð innri tengsl hina ýmsu sviða, með stuttum boðleiðum og fjölbreyttum möguleikum á samnýtingu rýma og svæða.

Horft inn í Ráðhúsgarðinn með Ráðhúskaffið og veröndina fyrir miðri mynd. Stóri salurinn í bakgrunni. Hjólageymslan til vinstri.



Á jarðhæð alrýmisins er þjónustuanddyri ráðhússins sem við túlkum sem annað og meira en biðstofu gesta. Stærð þjónustuanddyrisins – sem nýtist einnig sem fjölnotarými - skýrir þann stærðarmun á tillögu þessari og stærðarviðmiði forsagnarinnar. Þjónustuanddyrið teygir sig til vesturs að ráðhúsgarðinum og endar við veitingasalinn með útsýni til suðurs, en veitingasalurinn – Ráðhúskaffið - samnýtist fyrir starfsfólk ráðhússins og gesti. Við vesturenda þjónustuanddyrisins er einnig fundarsalur stjórnsýslusviðsins, en hann er stærsti fundarsalur hússins. Fundarsalurinn – sem vettvangur fyrir íbúðasamráð - nær yfir tvær hæðir, með útsýni á Ráðhúsgarðinn. Þjónustuanddyrið við fundarsalinn mætti nýta fyrir alls kyns sýningar og kynningar er lúta að málefnum bæjarfélagsins. Við norðurhlið fundarsalarins er lítil tjörn. Enn norðar, í átt að Glerárgötu og Eiðsvöllum, er höggmyndagarður, en hugmyndin er að hér mætti koma fyrir sýningum á þvíðum útilistaverkum.

Tengsl Ráðhúsgarðsins við þjónustuanddyrið eru sterk og mynda þau eina heild sem vettvangur fyrir samfélagið þar sem kjörnir fulltrúar, starfsmenn bæjarins og almenningur mætast:

Ráðhúsgarðurinn – þjónustuanddyrið – stóri fundarsalurinn.

Alrýmið. Horft frá aðalinnganginum til vesturs. Þjónustuanddyrið á jarðhæð. Göngubrýr tengja efri hæðir nýja ráðhússins saman.





Ráðhúsgarðurinn snýr í suðvestur, í góðu skjóli, og nýtist sem almenningsgarður frá degi til dags og á hátíðardögum. Þjónustuanddyrið, stóri salurinn og Ráðhúskaffið geta verið opin almenningi fyrir utan skrifstofutíma ráðhússins.

Séð frá Eiðsvöllum, þegar ekið er inn í bæinn, er hið nýja andlit ráðhússins, fjögurra hæða viðbyggingin er trappar sig niður til vesturs um fundarsalinn og Ráðhúskaffið og hjólageymsluna á lóðinni að mælikvarða íbúðabyggðarinnar vestan megin við ráðhúsið. Ráðhúsið fær sterka ásynd og það má segja að frá þessu sjónarhorni verði ráðhúsið að nýju kennileiti bæjarins.

Aðkoma frá Glerárgötu, þegar ekið er inn í bæinn. Ráðhúsið fær sterka ásynd sem kennileiti. Viðbyggingin trappar sig niður um fundarsalinn, Ráðhúskaffið og hjólageymsluna að mælikvarða íbúðabyggðarinnar vestan megin við ráðhúsið.



Sjónarhornið frá gatnamótum Glerárgötu og Gránufélagsgötu skýrir hvað best hönnun þessarar tillögu. Frumverkið – núverandi ráðhús Akureyrar sem verðugur fulltrúi móðernisma sjötta áratugar síðustu aldar – er í forgrunni. Viðbyggingin er dregin til baka og höfð í sömu breidd og fjórða hæðin.

Viðbyggingin er hugsuð sem hógvær og lágstemmd viðbót við verk er ber sterk stíleinkenni höfundarins, það er Sigurðar Guðmundssonar arkitekts (1885-1958), en það eru einfaldleiki og öguð gluggasetning.

Núverandi ráðhúsið er hvítt, en viðbyggingin er í dekkri lit, klædd með ljósu graníti. Gluggasetning viðbyggingarinnar er jafn öguð og fyrirmyndin. Viðbyggingin teygir sig yfir fjórðu hæð hússins. Af fyrstu og elstu teikningum Sigurðar að dæma, var það ekki ætlun hans að hanna fjórðu hæðina eins og hún er í dag, enda var fjórða hæðin reist að honum látnum. Því gerir þessi tillaga ráð fyrir því að núverandi fjórða hæðin – sem liggur undir skemmdum – verði rifin og endurreist í mynd er hæfir frumverkinu.

Tillaga þessi gerir ráð fyrir nýjum aðalinngangi um alrýmið á milli núverandi húss og viðbyggingarinnar. Það er því kjörið tækifæri að leggja núverandi aðalinngang – sem er seinni tíma verk – niður og færa austurhlið hússins í upprunalegt horf með því að endurbyggja tvo glugga.

Séð frá gatnamótum Glerárgötu og Gránufélagsgötu.
Núverandi ráðhús er í forgrunni og viðbyggingin er dregin til baka.



HELSTU STÆRÐIR

Gert er grein fyrir nettófermetrum rýma eftir notkun þeirra og nettófermetrum hina ýmsu sviða, fylgirýma og -svæða í töflunni er fylgir þessari tillögu.


Brúttófermetrar (m²):

Núverandi 4. hæð, sem er 427m², verður rifin, en í hennar stað verður reist ný hæð, 376m² að stærð. 4. hæðin á núverandi byggingu minnkar því um 51 fermetur.

	Núverandi bygging:	Viðbygging:
Hæð 1:	765	652
Hæð 2:	492	244
Hæð 3:	492	244
Hæð 4:	376	244
Samtals:	2125	1384

Núverandi byggingin (ofanjarðar) og viðbyggingin eru samtals 2125 + 1384 = 3509m².

Stærð kjallarans undir núverandi byggingu er óbreytt, það eru 327m².




Sneiðing A-A



Sneiðing B-B


Yfirlit yfir staðsetningu sviða



KJALLARI

RÆSTIMIÐSTÖÐ

SKJALAGEYMSLUR



1. HÆÐ

STJÓRNSÝSLUSVIÐ

UMHVERFIS- OG MANNVRIKJASVIÐ
OG SKIPULAGSSVIÐ



2. HÆÐ

SKRIFSTOFA BÆJARSTJÓRA

STJÓRNSÝSLUSVIÐ

FJÁRSÝSLUSVIÐ

SAMFÉLAGSSVIÐ



3. HÆÐ

VELFERÐARSVIÐ

FRÆDSLUSVIÐ



4. HÆÐ

VELFERÐARSVIÐ

INNRA SKIPULAG

Viðbyggingin er á jafn mörgum hæðum og núverandi bygging og eru tengsl hina ýmsu sviða góð. Boðleiðir eru stuttar og möguleikar á samnýtingu rýma góðir og fjölbreyttir.

Innra skipulag hina ýmsu sviða og tengsl þeirra byggist á hugmyndafræðinni um verkefna miðað vinnuumhverfi, sem hæfir fjölbreyttri starfsemi og býður upp á sveigjanleika, hreyfanleika, samvinnu og teymisvinnu, en einnig einveru og trúnaðarsamtöl. Opín svæði skiptast á við lokuð rými af mismunandi stærðum undir fundarherbergi og einmennings- og tvímeningsskrifstofur.

Innra skipulagið er hannað miðað við að hægt sé að breyta fyrirkomulagi eftir því sem tíðarandi og starfshættir þróast.

Að mati höfunda þessarar tillögu er það því ákjósanlegt að innra skipulag í núverandi byggingunni verði endurskoðað frá grunni á öllum hæðum.

Velferðarsviðið á 3. hæð viðbyggingarinnar.



VERKEFNAMIDAD VINNUMHVERFI

Einstaklings-
vinna

Hópa-
vinna

EINVERA
Einbeiting
Við vinnustöð
Óformleg einvera


SAMKIPTI
Þjálfun
Félagslíf
Kynningar
Krossgötur
Trúnaður

SAMVINNA
Hugarflug
Óformlega hópavinna
Teymisvinna


ÍGRUNDUN
Aflöppun

Hópa-
vinna

Einstaklings-
vinna



ÓFORMLEG EINVERA




EINBEITING



HUGARFLUG




ÓFORMLEG HÓPAVINNA




AFSLÖPPUN



KROSSGÖTUR



TRÚNAÐUR




HÓPAVINNNA / FUNDUR



FÉLAGSLÍF



HÓPAVINNNA / KYNNING



VINNUSTÖÐ

Höggmyndagarður

Grunnmynd 1. hæðar

A

TJÖRN

HJÓLASTÆÐI

Aðalinnangangur

SNÚNINGSSÁS
BÍLA

HELLULAGT
TORG

MÖGULEGT
SVIÐ

1. HÆÐ

STJÓRNSYSLUSVIÐ

	FJÖLDI	SAMTALS NETTÓ-m²
1 STARFSMENN - VINNUSTÖÐ	12	95
2 SKRIFSTOFA	2	35
3 VIÐTALS- OG FUNDARHERBERGI - TRÚNAÐUR	2	16
4 EINSTAKLINGSRÝMI - EINVERA	1	12
5 FUNDARHERBERGI - TEYMISSVINNA	1	12
6 FUNDARHERBERGI - BRAINSTORM	1	12
7 FUNDARSALUR - HÖPVINNA/KYNNING - TEYMISSVINNA	1	60
8 MATSALUR - FÉLAGSLÍF - HÖPVINNA/KYNNING	1	78
9 ELDHÚS	1	32
10 INNTORG/SÝNINGAR/UPPÁKOMUR FYRIR ALMENNING	1	113
11 ÞJÓNUSTUANDDYRI	1	105
		570

UMHVERFIS- OG MANNVIRKJASVIÐ

12 STARFSMENN - VINNUSTÖÐ	22	225
13 SKRIFSTOFA	2	40
14 FUNDARHERBERGI - TEYMISSVINNA	1	32
15 FUNDARHERBERGI - BRAINSTORM	2	28
16 EINSTAKLINGSRÝMI - EINVERA	1	8
17 EINSTAKLINGSRÝMI - TRÚNAÐUR	1	14
		347

SKIPULAGSSVIÐ

18 STARFSMENN - VINNUSTÖÐ	10	70
19 FUNDARHERBERGI - TEYMISSVINNA	1	13
20 EINSTAKLINGSRÝMI - EINVERA	1	7
21 EINSTAKLINGSRÝMI - TRÚNAÐUR	1	7
		97

FYLGIÞYMI OG -SVÆÐI


22 KRÖSSGÖTUR	2	23
23 FÉLAGSLÍF - KAFFI	1	18
24 ÓFORMLEG TEYMISSVINNA	2	28
25 LJÓSRITUN - SKJALAGEYMSLA	1	24
26 ÓFORMLEG EINVERA	1	14
27 MUNASKÁPAR	1	6
28 AFSLÖPPUN	1	12
		125

Grunnmynd 2. hæðar




2. HÆÐ		FJÖLDI	SAMTALS NETTÓ-m ²
SKRIFSTOFA BÆJARSTJÓRA			
1	BÆJARSTJÓRI	1	35
2	RITARI - BIDSTOFA	1	20
3	BÆJARLÖGMADUR	1	16
4	FUNDARHERBERGI - TEYMISVINNA	1	19
			90
STJÓRNSÝSLUSVIÐ			
5	STARFSMENN - VINNUSTÖÐ	12	81
6	SKRIFSTOFA	2	24
7	EINSTAKLINGSRÝMI - EINVERA	1	6
			111
FJÁRSÝSLUSVIÐ			
8	STARFSMENN - VINNUSTÖÐ	12	75
9	SKRIFSTOFA	2	34
10	SKRIFSTOFA - TVEGGJA MANNA	2	26
11	EINSTAKLINGSRÝMI - EINVERA	1	6
12	EINSTAKLINGSRÝMI - TRÚNAÐUR	1	6
13	FUNDARHERBERGI - TEYMISVINNA	1	17
14	FUNDARHERBERGI - HUGARFLUG	1	13
			177
SAMFÉLAGSSVIÐ			
15	STARFSMENN - VINNUSTÖÐ	10	63
16	FUNDARHERBERGI - TEYMISVINNA	1	13
17	EINSTAKLINGSRÝMI - EINVERA	1	6
			82
FYLGIRÝMI OG -SVÆÐI			
18	KROSSGÖTUR	2	22
19	FÉLAGSLÚF - KAFFI	1	19
20	ÓFORMLEG TEYMISVINNA	3	30
21	LJÓSRITUN	1	6
22	ÓFORMLEG EINVERA	1	16
23	MUNASKÁPAR	1	9
			102

Grunnmynd 3. hæðar




3. HÆÐ		FJÖLDI SAMTALS	NETTÓ-m²
VELFERDARSVIÐ			
1	STARFSMENN - VINNUSTÖÐ	20	141
2	SKRIFSTOFA	2	28
3	SKRIFSTOFA - TVEGGJA MANNA	1	20
4	FUNDARHERBERGI - TEYMISVINNA	1	13
5	FUNDARHERBERGI - HUGARFLUG	1	11
6	EINSTAKLINGSRÝMI - EINVERA	2	20
7	EINSTAKLINGSRÝMI - TRÚNAÐUR	2	14
			247
FRÆÐSLUSVIÐ			
8	STARFSMENN - VINNUSTÖÐ	10	92
9	SKRIFSTOFA	3	17
10	SKRIFSTOFA	4	52
11	FUNDARHERBERGI - TEYMISVINNA	1	18
12	FUNDARHERBERGI - HUGARFLUG	1	8
13	EINSTAKLINGSRÝMI - EINVERA	1	6
14	EINSTAKLINGSRÝMI - TRÚNAÐUR	1	7
			200
FYLGIRÝMI OG -SVÆÐI			
15	KROSSGÖTUR	2	22
16	FÉLAGSLÍF - KAFFI	1	19
17	ÓFORMLEG TEYMISVINNA	2	22
18	LJÓSRITUN	1	6
19	ÓFORMLEG EINVERA	2	21
20	MUNASKÁPAR	1	11
21	AFSLÖPPUN		11
			112

Grunnmynd 4. hæðar



4. HÆÐ		FJÖLDI	SAMTALS NETTÓ-m²
VELFERÐARSVIÐ			
1	SKRIFSTOFA	5	62
2	SKRIFSTOFA	3	50
3	SKRIFSTOFA - TVEGGJA MANNA	5	113
4	FUNDARHERBERGI - TEYMISSVINNA	1	36
5	FUNDARHERBERGI - TEYMISSVINNA	1	25
6	FUNDARHERBERGI - HUGARFLUG	2	11
			297
FYLGIRÝMI OG -SVÆÐI			
7	KROSSGÖTUR	2	31
8	FÉLAGSLÍF - KAFFI	1	25
9	ÓFORMLEG TEYMISSVINNA	1	9
10	LJÓSRITUN	1	7
11	ÓFORMLEG EINVERA	3	37
12	MUNASKÁPAR	1	9
13	AFSLÖPPUN	1	13
14	HÓPVINNA/KYNNING	1	21
			152

Grunnmynd kjallara



KJALLARI		FJÖLDI SAMTALS NETTÓ-m²	
1	RÆSTIMIDSTÖÐ	1	11
2	VÖRULYFTA	1	2
3	SKJALAVARSLA/FLOKKUN/PRENTUN/LÍÓSRITUN	1	13
4	SKJALAGEYMSLUR/GEYMSLUR	4	85
5	GANGUR/SKJALAGEYMSLA	1	27
6	SPENNISTÖÐ	1	19
7	TÆKNIRYMI/LOFTRÆSING	1	20
8	GEYMSLA/DÆLUÞRÓ	1	53
			157

EFNISVAL

Allt efnisval miðast við fjölbreytt, bjart og hlýlegt vinnumhverfi. Skrifborð og lokuð rými miðast við staðlaðar lausnir, það eru til dæmis glerveggjakerfi, en húsgögn, svo sem fundarborð, hægindastólar, sófar og innréttingar á kaffibörunum eru fjölbreytt með tilliti til efnis- og litavals.

Gólf þjónustuanddyrisins, stóri fundarsalurinn, veitingasalurinn og stigahús eru klædd með náttúrulegum steini. Gólf sviðanna eru klædd með parketi.


Innveggir eru annars vegar hefðbundnir léttir innveggir og hins vegar glerveggir. Loft eru klædd með hljóðisogsdúk. Veggir og loft eru hvít, en valdir veggfletir í fundarherbergjum eru málaðir í björtum lit er tónar við innréttingarnar.

Allt efnisval í viðbyggingunni og núverandi byggingu verður samræmt til að skapa eina heild.

Hugmyndir að efnisvali að innan og utan



ÚTVEGGKLÆÐNING
OG GÓLFEFNI




GLUGGAR OG
AÐFELLUR



GLERVEGGIR



PARKET



INNRETTINGAR
OG HÚSGÖGN

TÆKNILEGAR LAUSNIR

Viðbyggingin er steipt og einangruð að utan og klædd með loftaðri steinklæðningu úr ljósu graníti.

Þök 1. hæðar eru þakin grasi. Önnur þök eru með malarfargi.

Við hönnun lagna- og rafkerfa skal miðað við sparneytnar, vistvænar lausnir. Rými viðbyggingarinnar eru hituð með lághitagólfhitakerfi og ofnum.


Þar sem viðbyggingin er frekar grunn, það er um 13 metra á breidd, er miðað við að hún verði að miklu leyti loftræst á náttúrulegan hátt, það er um opnanleg fög. Almennu verða loftgæði tryggð í bæði opnum og lokuðum rýmum með vélrænni loftræsingu í bland við opnanleg fög. Fullbúið loftræsikerfi með varmaendurvinnslu verður sett upp í öllu húsnæðinu.

Við hönnun og útfærslu rakerfa verður lögð áhersla á rekstrarlega hagkvæmar lausnir og að rafkerfin verði með nýjustu tækni, góðu notendaviðmóti og að orkusparnaður verði hafður að leiðarljósi. Raflýsing, samspil með útibirtu og jákvæð upplifun notenda er mikilvægur þáttur raf- og tæknikerfa. Stjórnkerfi loftræsinga og lagna mun samhæfa virkni loftræsi- og lagnakerfa nýbyggingarinnar með það fyrir augum að tryggja sem bestu loftgæðin en jafnframt að lágmarka orkunotkun og hafa eftirlit með bilunum. Ljósastýringar verða notaðar til orkusparnaðar, til að auka vellíðan starfsmanna og endingu búnaðar. Lagt verður til að hússtjórnarkerfi verði sett upp til að gefa myndræna yfirsýn yfir öll tæknikerfi hússins auk miðstýringar á kerfunum.


Gert er ráð fyrir að vatnsúðakerfi verði sett í núverandi hús og viðbygginguna. Með því verða flóttaleiðir þannig að fjarlægja má núverandi veggsgalir.

ÁFANGASKIPTING

Lagt er til að í fyrri áfanga verði viðbyggingin reist en í seinni áfanga verði núverandi bygging endurbætt.




Skissur eftir Sigurð Guðmundsson arkitekt sem sýna hugmyndir um útfærslu fjórðu hæðar



Útlit norður



Útlit suður



Útlit austur



Útlit vestur

FRÁGANGUR LÓÐAR

Tillagan gerir ráð fyrir afgerandi umbreytingu á lóð ráðhússins úr bílastæð aflæmi yfir í gróðursælan og skjólgóðan garð. Ráðhúsgarðurinn tengist annars vegar með skýrum hætti í átt að Ráðhústorgi um Geislagötu og hins vegar almenningsgarðinum Eiðsvelli austan Glerárgötu. Lögð er áhersla á greiðar aðkomuleiðir gangandi vegferanda úr öllum áttum inn í þjónustuanddyrið og Ráðhúskaffi. Aðgengi allra verði tryggt að öllum inngöngum með skábrautum. Hjólastæði eru á völdum stöðum og hjólaskýli fyrir starfsfólk skilur að dvalargarðinn frá bílastæðum. Yfirbragð aðkomusvæða verði aðlaðandi með vönduðum yfirborðsfrágangi. Ný aðkoma bíla er að norðan frá Smáragötu.


Yfirbragð Ráðhússgarðsins er grænt með grasflötum og myndarlegum trjám. Núverandi tré á austurhlið ráðhússins verða ekki felld. Í skjóli byggingarinnar og á móti sól er verönd við Ráðhúskaffi og þar framan við lítið hellutorg sem nýtist fyrir minni háttar viðburði. Mögulegt er að setja upp lítið svið á aðliggjandi grasflöt. Norðan við nýjan fundarsal er spegiltjörn sem speglar birtu himinsins inn í salinn og speglar bygginguna utan fré séð og gefur henni virðulegt útlit. Í framhaldi af spegiltjörninni teygir sig dregill í átt að gatnamótum Glerárgötu og Smáragötu. Eins og fyrr segir væri þar vel við hæfi að reisa þrívíð útlitstaverk.

Við frágang lóðarinnar er miðað við blágrænar ofanvatnslausnir. Tjörnin við norðurhlið stóra salarins er með gegndræpum botni.

Vistvæn sjónarmið eru höfð að leiðarljósi við plöntuval og skjólmyndun gróðurs.

Gangstígar og skábrautir eru hellulögð með hellusteinum í ljósum lit. Verandir eru klæddar með sams konar náttúrusteini og er á gólfi þjónustuanddyrisins. Bílastæði eru lögð grassteini.

Hjólageymslan á lóðinni er úr opnu víraverki úr stáli er loftar um.




Afstöðumynd, útlit og snið frá 1948.

Teikning undirrituð af Sigurði og samstarfsmanni hans, Eiríki Einarssyni. Ráðhúsið stendur við Geislagötu er liggur að Eiðsvöllum.

Hugmyndin að einnar hæðar álmu hornrétt á ráðhúsið var ekki útfærð.

AÐ LOKUM

Það er von höfunda þessarar tillögu að hún styrki heildarásýnd Ráðhúss Akureyrar og virði byggingar- og menningarsögulegt gildi núverandi húss. Ennfremur að hún beri vott um samfélagslega samkennd sem vettvangur almennings og þeirra fulltrúa sem hún kýs.



Uppráttur Skipulagsstofnunar frá 1927.
Geislagatan liggur frá Ráðhústorginu til norðurs að Eiðsvöllum.
Glerárgata er ekki sýnd í þessari áætlun.